d) hvenær viðauki þessi gengur í gildi í samræmi við 2. málsgrein greinar þessarar.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samningsviðauka þennan.

Í Strasbourg 20. dag janúarmánaðar 1966 á ensku og frönsku, og eru báðir textar jafngildir, í einu eintaki, sem geyma ber í skjalasafni Evrópuráðsins. Ber framkvæmdastjóra að láta öllum ríkjum, sem undirritað hafa, staðfest afrit í té.

d) the date of entry into force of this Protocol in accordance with paragraph 2 of this Article.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this 20th day of January 1966, in English and in French, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary-General shall transmit certified copies to each of the signatory Governments.

30. desember 1967. Nr. 18.

AUGLÝSING

um breytingar á alþjóðasamningi um skipamælingar.

Hinn 21. maí 1965 var gerður í Osló samningur um breytingar á 5., 8. og 12. gr. samnings um samræmda aðferð við skipamælingar frá 10. júní 1947.

Breytingarnar hafa verið staðfestar af Íslands hálfu og munu öðlast fullnaðargildi þegar öll þátttökuríkin hafa staðfest þær. Nánar verður auglýst um gildistökuna síðar.

Umræddar greinar hins upphaflega samnings, eins og þær hljóða eftir breytingarnar, eru birtar sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 30. desember 1967.

Emil Jónsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Fylgiskjal.

BREYTINGAR

á samningi um samræmda aðferð við skipamælingar.

5. gr.

Hið alþjóðlega mælingarbréf skal samið á hinu opinbera máli þess lands, sem gefur það út. Ef sú tunga er ekki enska, ber að þýða textann á ensku að nokkru eða öllu leyti, eftir því sem rétt kann að vera talið.

Form mælingarbréfsins skal vera hið viðeigandi form þeirra fyrirmynda, sem gefnar eru á fylgiskjölum 1, 1A, 1B og 2 tilheyrandi viðauka B.

AMENDMENTS

to the Convention on a Uniform System of Tonnage Measurement of Ships.

Article 5

The International Tonnage Certificate shall be drawn up in the official language of the country by which it is issued. If that language is not English, the text should be rendered in English, in part or in full, as may be considered appropriate.

The form of the Tonnage Certificate shall be that of the appropriate model, given in Appendices 1, 1A, 1B and 2 of the Annex B.

8. gr.

1. Skip, sem hefur alþjóðamælingarbréf, er, þegar í höfn lands, sem það tilheyrir ekki en þessi samningur nær til, háð eftirliti hvað snertir skipamælingar. Slíkt eftirlit skal takmarkast við það markmið að tryggja:

   a) að mælingarbréfið um borð sé viðeigandi fyrir skipið; og

   b) að skipinu hafi ekki verið breytt svo sem um ræðir í 6. gr. þessa samnings.
2. Engum öðrum en starfsmönnum með nauðsynleg réttindi skal heimilað að annast áðurnefnt eftirlit.
3. Aldrei má framkvæmd slíks eftirlits hafa í för með sér neinn kostnað eða töf fyrir skipið.
4. Nú kemur í ljós við eftirlit, að raunverulega háttar öðruvísi til á skipinu en skráð er á mælingarbréfið, og skal þá tilkynna, þegar í stað, ríkisstjórn þess lands, sem skipið tilheyrir, í þeim tilgangi að fá niðurstöðu í málinu. Jafnskjótt og leiðrétting hefur verið gerð, skal sú ríkisstjórn, sem fáninn tilheyrir, sem skipið siglir undir, tilkynna ríkisstjórn þess lands þar sem athugasemdirnar voru gerðar.

Article 8

1. A ship, provided with an International Tonnage Certificate, when in a port of a country to which it does not belong, but to which this Convention applies, is subject to control with respect to Tonnage Measurement. Such control shall be limited to the purpose of securing:

   a) that the Tonnage Certificate on board is appropriate to the ship; and

   b) that the ship has not been altered as mentioned in Article 6 of this Convention.
2. Only officers possessing the necessary qualifications shall be authorized to exercise control as aforesaid.
3. In no case must the exercise of such control cause any expense or delay to the ship.
4. Should the control reveal that the actual conditions on the ship differ from those entered on the Tonnage Certificate, the Government of the country to which the ship belongs shall be informed, without delay, with a view to resolving the question. As soon as correction has been made, the Government of the country where the observerations were made shall be notified by the Government, the flag of which the ship is flying.

12. gr.

1. a) Sérhverri aðildarríkisstjórn er heimilt að koma á framfæri við ríkisstjórn Noregs hvenær sem er tillögum um þær breytingar á þessum samningi og þar með fylgjandi reglugerð, sem gagnlegar eða nauðsynlegar kunna að teljast og skal hin síðarnefnda senda slíkar tillögum öllum hinum aðildarríkisstjórnunum til samþykktar.

   b) Ef einhverjar slíkar tillögur hljóta samþykki allra aðildarríkisstjórnanna (að meðtöldum þeim ríkisstjórnum, sem hafa lagt fram skjöl um fullgildingu eða aðildir, sem ekki hafa ennþá öðlazt gildi) áður en þriggja til sex mánaða frestur er

Article 12

1. a) Modifications of this Convention and of the annexed Regulations which may be deemed to be useful or necessary, may at any time be proposed by any Contracting Government to the Government of Norway, and such proposals shall be communicated by the latter to all the other Contracting Governments, for their acceptance.

   b) If any such modifications are accepted by all Contracting Governments (including Governments which have deposited ratifications or accessions which have not yet become effective) within a delay of three to six months (delay to

útrunninn (fresturinn ákveðst af ríkisstjórn Noregs eftir því hve mikilvægar breytingartillögurnar eru), skal þessum samningi og/eða reglugerð breytt samkvæmt þeim. Breytingarnar skulu taka gildi 12 mánuðum eftir að síðasta staðfestingin barst ríkisstjórn Noregs.

c) Ríkisstjórn Noregs ber að greina öllum aðildarríkisstjórnum frá niðurstöðunni.

2. a) Ráðstefna til að athuga breytingar á þessum samningi eða tilheyrandi reglugerð, sem einhver aðildarríkisstjórn ber fram tillögu um, skal kölluð saman af ríkisstjórn Noregs hvenær sem er, ef einn þriðjungur aðildarríkisstjórnanna óskar eftir.

b) Sérhverja breytingu, sem samþykkt hefur verið með tveim þriðjungum greiddra atkvæða, skal ríkisstjórn Noregs senda öllum aðildarríkisstjórnum til samþykktar.

c) Hver sú breyting, sem send er aðildarríkisstjórnum til samþykktar samkvæmt b-lið þessarar málsgr., skal öðlast gildi að því er varðar allar aðildarríkisstjórnir, að þeim undanskildum sem lýsa því yfir áður en hún öðlast gildi, að þær samþykki ekki breytinguna, tólf mánuðum eftir þann dag er breytingin hlaut samþykki tveggja þriðju hluta aðildarríkisstjórnanna.

d) Ráðstefnu, sem kölluð hefur verið saman samkvæmt a-lið þessarar málsgr., er heimilt að úrskurða, með tveim þriðjungum greiddra atkvæða, um leið og breytingin er samþykkt, að hún sé í eðli sínu svo mikilvæg, að hver sú aðildarríkisstjórn, sem gefur yfirlýsingu samkvæmt c-lið þessarar málsgr. og ekki samþykkir breytinguna innan tólf mánaða eftir að breytingin gengur í gildi, skuli, þegar

be fixed by the Norwegian Government according to the importance of the proposed modifications), this Convention and/or Regulations shall be modified accordingly. The modifications shall come into force 12 months after the last acceptance has been received by the Norwegian Government.

c) The Norwegian Government shall inform all Contracting Governments of the outcome.

2. a) A conference to consider modifications to the present Convention or the Annexed Regulations, proposed by any Contracting Government shall at any time be convened by the Government of Norway upon the request of one third of the Contracting Governments.

b) Every modification adopted by a two-thirds majority at such a conference shall be communicated by the Government of Norway to all Contracting Governments for their acceptance.

c) Any modification communicated to the Contracting Governments for their acceptance under subparagraph b) of this paragraph shall come into force for all Contracting Governments, except those which before it comes into force make a declaration that they do not accept the modification, twelve months after the date on which the modification is accepted by two-thirds of the Contracting Governments.

d) A conference convened under subparagraph a) of this paragraph may determine, by a two-thirds majority vote, at the time of its adoption that the modification is of such an important nature that any Contracting Government which makes a declaration under subparagraph c) of this paragraph, and which does not accept the modification within a period of twelve months after the modifica-

sá tími rennur út, hætta að vera aðili að þessum samningi.

e) Hinir tveir þriðjungar greiddra atkvæða, sem um getur í c) og d) liðum þessarar málsgr., verða að svara til eigi minna en tveggja þriðju hluta af því heildar-brúttórúmlestatali, sem aðildarríkisstjórnirnar eiga hlut að.

3. Sem millibilsráðstöfun, til þess að framfylgja breytingum eins og um ræðir í 1. og 2. málsgr. þessarar greinar:

a) i) eigandi skips, sem hefur í höndum mælingarbréf í gildi, verður ekki skyldaður til þess að láta endurmæla skip sitt við gildistöku þess konar breytinga.

ii) Nú er skip í byggingu ellegar samningur um byggingu þess hefur verið undirskrifaður þegar slík breyting tekur gildi, og verður þá eigandi skipsins eigi skyldaður til þess að láta taka slíkar breytingar með í reikninginn þegar mæla skal skipið, sbr. þó ákvæði b-liðs.

b) Samningar af því tagi, sem um ræðir í a-lið ii) um einstök skip, eða um flokk af skipum, sem eru nákvæmlega eins, veita eigendum þeirra því aðeins tilkall til sérréttinda samkvæmt því sem segir í 3. lið a) að skipin hafi verið mæld innan tveggja ára frá þeim tíma er viðkomandi breytingar tóku gildi.

c) Síðari breytingar varðandi mælingu eins og segir í 6. gr. munu gera það nauðsynlegt að mæla eingöngu viðkomandi rúm.

tion comes into force, shall, upon expiry of this period, cease to be a party to the present Convention.

e) The two-thirds majority referred to in sub-paragraphs c) and d) of this paragraph must represent not less than two-thirds of the total gross tonnage represented by the Contracting Governments.

3. As a transitory measure, in order to apply modifications as mentioned in paragraphs 1 and 2 of this Article:

a) i) an owner of a ship, in possession of a valid tonnage certificate will not be required to have his ship remeasured at the time of coming into force of a modification of this kind,

ii) an owner of a ship under construction or for the construction of which a contract has been signed at the time of coming into force of such modification, will not, subject to the provisions under b) be required to have such modifications taken into account when the ship is to be measured,

b) contracts as mentioned under a) ii) for individual ships or for a series of identical ships will only entitle their owners to privileges as under 3 a), provided the ships have been measured within 2 years from the time of coming into force of the relevant modifications,

c) subsequent alterations affecting measurement as mentioned in Article 6 will necessitate remeasurement of the spaces in question only.